

Borgarráð

Leiðir til þess að auka kosningabátttöku í borgarstjórnarkosningum næsta vor

Lagt er til að settur verði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningabátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum en sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningabátttöku ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að kosningabátttaka þessara hópa er mun verri en almennt gerist, og því brýnt að leita allra leiða til þess að auka hana. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmeningarráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. Leitað verði hugmynda og leiða í samvinnu við sérfróða aðila á sviði markaðs- og kynningarmála, og sjónum í því sambandi einkum beint að samfélagsmiðlum.

Greinargerð

Almennt hefur dregið úr kosningabátttöku víða um heim á undanförunum árum. Ýmsar rannsóknir hafa verið unnar til þess að greina hvað veldur, og á sama tíma hefur verið leitað leiða til þess að auka kosningabátttöku. Tillaga þessi miðar að því að auka kosningabátttöku, bæði almennt en sérstaklega meðal hópa þar sem kosningabátttaka er lægri en almennt gerist.

Kosningabátttaka í borgarstjórnarkosningum var mjög mikil mest alla tuttugustu öldina og inn í þá tuttugustu og fyrstu. Á árunum 1950 til 2014 voru haldnar 17 borgarstjórnarkosningar. Meðalkosningabátttaka í þeim var 83,7% (hlutfall þeirra sem kusu og voru á kjörskrá). Allt fram til ársins 2002 fór þátttakan aldrei undir 80%. Hæst fór hún árið 1958 í 90,4%.

Síðustu ár hefur hún hins vegar farið ört lækkandi. Hér má sjá þróunina frá árinu 2002:

2002	83,9
2006	77,1
2010	73,5
2014	62,9

Þessi þróun er ekki bundin við Reykjavík. Hér má sjá þátttökuna í sveitarstjórnarkosningum yfir allt landið á sama árabili:


2002	83,2
2006	78,7
2010	73,5
2014	66,5

Sambærilega þróun, þó minni sé, má sjá í öðrum almennum kosningum á sama tímabili (kosningar til Alþingis, nema annað sé tekið fram):

2003, 10. maí	87,7
---------------	------

2004, 26. júní forsetakjör	62,9
2007, 12. maí	83,6
2009, 25. apríl	85,1
2010, 6. mars þjóðaratkvæðagreiðsla	62,7
2011, 9. apríl þjóðaratkvæðagreiðsla	75,3
2012, 30. júní forsetakjör	69,3
2012, 20. okt. þjóðaratkvæðagreiðsla	48,9
2013, 27. apríl	81,5
2016, 25. júní forsetakjör	75,7
2016, 29. október	79,2

Kosningabátttaka eftir aldurshópum var fyrst greind í sveitarstjórnarkosningum árið 2014. Þar kemur fram að kosningabátttaka ungs fólks er umtalsvert minni en þeirra sem eldri eru, eins og glögggt má sjá á eftirfarandi yfirliti. Þar kemur m.a. fram að kosningabátttaka þeirra sem eru 29 ára og yngri nær aldrei 50%.



Kosningabátttaka innflytjenda var rannsökuð sérstaklega í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006. Þá voru alls 4.391 innflytjandi á kjörskrá og af þeim tóku 1.775 þátt í kosningunum á landsvísu, eða 40,4%, en heildarþátttaka var 78,7%. Nánari upplýsingar má sjá í þessari töflu úr Hagtíðindum Hagstofu Íslands frá 27. nóvember 2009:

Tafla 8. Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara 2006*Table 8. Participation of foreign citizens 2006*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	4.391	2.024	2.367
Norrænir <i>Nordic</i>	936	332	604
Aðrir erlendir <i>Other</i>	3.455	1.692	1.763
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	1.775	732	1.043
Norrænir <i>Nordic</i>	585	210	375
Aðrir erlendir <i>Other</i>	1.190	522	668
Kosningabátttaka, % <i>Participation, %</i>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens, total</i>	40,4	36,2	44,1
Norrænir <i>Nordic</i>	62,5	63,3	62,1
Aðrir erlendir <i>Other</i>	34,4	30,9	37,9

1. janúar sl. voru 35.997 innflytjendur á Íslandi eða 10,6% af heildar mannfjölda. Í Reykjavík eru 17.500 innflytjendur eða 14,2% af heildarfjölda íbúa.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að sett verði í gang vinna við að leita leiða til að efla kosningabátttöku, bæði almennt en einnig sérstaklega þeirra hópa þar sem kosningabátttaka hefur verið verri en annarra. Lagt er til að sérfræðingar á sviði lýðræðismála, mannréttinda- og innflytjendamála í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmeningarráð leggi fram hugmyndir og tillögur að aðgerðum sem beint er ætlað að efla kosningabátttöku. Sérstaklega verði horft til þess hvernig unnt sé að nýta samfélagsmiðla og er lagt til að leitað verði til sérfróðra aðila í kynningar- og markaðsmálum á því sviði. Fyrirsjáanlegt er að slíkt markaðs- og kynningarstarf verði kostnaðarsamt, en umfang þess verður ekki ljóst fyrr en nákvæmari tillögur liggja fyrir. Engu að síður er rétt að starfshópurinn hafi nú þegar heimild til þess að leita til utanaðkomandi sérfræðinga á þessu sviði eftir samstarfi um gerð tillagna og útfærslu þeirra.

Gert er ráð fyrir að tillögur starfshópsins verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði eigi síðar en 15. janúar nk.

Dagur B. Eggertsson